

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um þvingunaraðgerðir varðandi Úkraínu, nr. 281/2014.

1. gr.

Þvingunaraðgerðir.

Eftirfarandi töluliðir bætast við 1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, í rétttri númeraröð:

7.41 Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 frá 18. júlí 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 7.41.

8.32 Reglugerð ráðsins (ESB) 2025/1494 frá 18. júlí 2025 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu, sbr. fylgiskjal 8.32.

2. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi, sem er sett með heimild í 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023, öðlast þegar gildi.

Utanríkisráðuneytinu, 16. september 2025.

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir.

Martin Eyjólfsson.

Fylgiskjal 7.41.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS (SSUÖ) 2025/1495****frá 18. júlí 2025****um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

með hliðsjón af tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/512/SSUÖ⁽¹⁾.
- 2) Sambandið styður enn staðfastlega fullveldi og landamærahelgi Úkraínu.
- 3) Í ályktunum sínum frá 19. desember 2024 ítrekaði leiðtoga ráðið einbeitta fordæmingu sína á árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, sem er augljóst brot á sáttmála Sameinuðu þjóðanna, og áréttaði áframhaldandi staðfasta skuldbindingu Sambandsins til að halda áfram að veita Úkraínu og úkraínsku þjóðinni pólitískan, fjárhagslegan, efnahagslegan, mannúðarlegan, hernaðarlegan og diplómátískan stuðning.
- 4) Svo lengi sem ólögmætar aðgerðir Rússneska sambandsríkisins halda áfram að brjóta gegn grundvallarreglum þjóðaréttar, þ.m.t. einkum banninu við valdbeitingu sem er að finna í 4. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna, eða alþjóðlegum mannúðarrétti þykir rétt að láta allar ráðstafanir sem Sambandið hefur gripið til gilda áfram og gera viðbótarráðstafanir ef nauðsyn krefur.
- 5) Í ljósi þess hversu alvarlegt ástandið er þykir rétt að samþykkja frekari þvingunaraðgerðir.
- 6) Einkum ætti að bæta við 26 rekstrareiningum við skrána yfir einstaklinga, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Þessar rekstrareiningar taka til tiltekinna rekstrareininga í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem óbeint stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands með því að sniðganga útflutningstakmarkanir, þ.m.t. á ómönnum loftförum.
- 7) Rétt þykir að auka við skrána yfir hluti, sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. viðbótartölvustýringarvélar og efnishlutar drifefna.
- 8) Til að auka skilvirgni þvingunaraðgerða, sem gripið er til í því skyni að bregðast við árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, er nauðsynlegt að bregðast við hættunni á því að þær verði sniðgengnar með óbeinum útflutningi um þriðju lönd. Vörur og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka við reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾ kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, þ.m.t. þegar þær eru fluttar út undir því yfirskini að þær séu ætlaðar til borgaralegra nota. Bannið við óbeinum útflutningi tekur til útflutnings á hlutum sem eru taldir upp í viðaukunum við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þ.m.t. í gegnum þriðja land. Lögbær stjórnvöld ættu að grípa tímanlega til fyrirbyggjandi aðgerða ef trúverðug hætta er á að slíkum hlutum, sem fluttir eru út til þriðju landa, gæti að lokum verið beint til Rússlands. Því er rétt að taka upp valkvætt stjórnsýslufyrirkomulag sem gerir lögbærum innlendum stjórnvöldum kleift að krefjast fyrirframleyfis fyrir útflutningi hluta, sem eru skráðir í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, til hvaða þriðja lands sem er hafi útflytjandinn verið upplýstur um að nægileg ástæða sé til að ætla að lokaákvörðunarstaður hlutanna kunni að vera í Rússlandi eða hlutirnir kunni að vera til endanlegra nota fyrir rekstrareiningar í Rússlandi. Þeirri ráðstöfun er ekki ætlað að koma á nýrri almennri takmörkun heldur að sjá aðildarríkjunum fyrir verkfæri, sem er skilvirkt og í samræmi við meðalhóf, til að rannsaka og koma í veg fyrir hugsanlega sniðgöngu þvingunaraðgerða, jafnframt því að tryggja samræmda túlkun og skýrleika laga fyrir útflytjendur. Ráðstöfunin ætti ekki að hafa áhrif á gildissvið ákvæðisins um bann við óbeinum útflutningi. Það er aðildarríkjanna að ákveða hvort beita beri þeirri ráðstöfun eða ákvæðinu um bann við óbeinum útflutningi sem fyrirkomulagi til framfylgdar í tilvikum þar sem lokaákvörðunarstaður hlutanna kann að vera í Rússlandi eða þeir kunna að vera til endanlegra nota fyrir rekstrareiningar í Rússlandi.

- 9) Viðeigandi þykir að leggja frekari útlutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. vélbúnað, kemísk efni og sumar tegundir málma og plasts. Til að lágmarka hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða þykir einnig viðeigandi að auka enn frekar við skrána yfir vörur og tækni sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Rússlands.
- 10) Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/884⁽³⁾ og reglugerð ráðsins (ESB) 2022/879⁽⁴⁾ er kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afla annars konar birgða í stað innflutnings á hráolíu með leiðslum frá Rússlandi til að sá innflutningur falli undir bannið eins fljótt og auðið er. Í samræmi við það markmið ætti tímabundin undanþága, sem Tékkland hefur fengið vegna afhendingar hráolíu með leiðslum frá Rússlandi, að taka enda.
- 11) Rétt þykir að leggja bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, beint eða óbeint, til Sambandsins á jarðolíuafurðum sem fengnar eru í þriðja landi úr rússneskri hráolíu, sem og við veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar. Einnig þykir rétt að setja fram skrá yfir samstarfslönd sem beita röð þvingunaraðgerða sem eru í meginatriðum jafngildar ráðstöfunum sem Sambandið hefur gripið til vegna innflutnings á rússneskri olíu og jarðolíuafurðum. Jarðolíuafurðir sem fluttar eru inn frá nettóútflytjendum hráolíu ættu að teljast fengnar úr innlendi hráolíu en ekki úr hráolíu sem er upprunnin í Rússlandi. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessa banns, einkum að því er varðar þau gögn sem rekstraraðilar, sem stunda innflutning á hreinsuðum olíuvörum, ættu að leggja fram.
- 12) Lagt er bann við innflutningi á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi um birgðastöðvar í Sambandinu fyrir fljótandi jarðgas sem eru ekki tengdar samtengda jarðgaskerfinu. Rétt þykir að innleiða undanþágu frá banninu sem aðildarríki, sem er ekki með beinum hætti tengt samtengdu jarðgaskerfi annars aðildarríkis og fær fyrstu viðskiptalegu afhendingu samkvæmt sínum fyrsta langtímasamningi um jarðgas eftir 20. júlí 2025, getur veitt til að tryggja orkuafhendingu til sín. Þetta er með fyrirvara um aðra löggjafaráðstöfun sem hefur áhrif á orkuinnflutning frá Rússlandi til Sambandsins.
- 13) Í ljósi mikilvægis viðskiptabannsins í 1. mgr. 1. gr. aa í ákvörðun 2014/512/SSUÖ, og lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru á skrá í X. viðauka við hana, er nauðsynlegt að beita ströngum viðmiðunum þegar aðili er settur undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds (e. public trusteeship) eða gripið er til svipaðrar varnaráðstöfunar (e. firewall measure). Til að tryggja áframhaldandi starfsemi og að farið verði að þvingunaraðgerðum af hálfu dótturfélaga, sem starfa á vegum eða eftir fyrirmælum rekstrareininga sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 1. gr. aa í ákvörðun 2014/512/SSUÖ, er viðeigandi að innleiða undanþágu frá viðskiptabanninu, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi sett aðilann undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds eða gripið til svipaðrar opinberrar varnaráðstöfunar eða lögbæra stjórnvaldið heimilað svipaða varnaráðstöfun. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á aðrar þvingunaraðgerðir.
- 14) Til að skýra tiltekin ákvæði þykir rétt að kveða á um undanþágu frá viðskiptabanninu á tiltekna hafnir vegna kola frá Kasakstan á grundvelli skuldbindingar Sambandsins um að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á orkuöryggi þriðju landa víðs vegar um heiminn. Að auki þykir rétt að kveða á um undanþágu frá viðskiptabanninu á tiltekna flugvelli að því er varðar kjarnorkugetu og -aðstöðu til borgaralegra nota.
- 15) Leiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 voru hannaðar til að flytja jarðgas frá Rússlandi til Sambandsins. Rússnesk stjórnvöld stjórna þeim í gegnum ríkisfyrirtæki. Báðar leiðslurnar urðu fyrir skemmdum í september 2022 og eru sem stendur óvirkar. Nord Stream hafði séð Evrópu fyrir rússnesku jarðgasi en Nord Stream 2 var aldrei tekin í notkun. Rússland hefur ítrekað, einhliða og, fyrir lok ágúst 2022, rofið fullkomlega afhendingu jarðgass um Nord Stream til að beita Sambandið og aðildarríki þess þvingunum og grafa undan stuðningi þeirra við Úkraínu. Enn fremur myndi afhending jarðgass um þessar leiðslur afla Rússlandi tekna í framtíðinni og gera því þannig kleift að halda áfram árásarstríði sínu gegn Úkraínu. Í því skyni að koma í veg fyrir að afhending jarðgass um þessar leiðslur hefjist að nýju eða verði komið á þykir rétt að innleiða þvingunaraðgerðir sem banna öll viðskipti sem tengjast jarðgasleiðslunum Nord Stream og Nord Stream 2 með beinum eða óbeinum hætti og varða frágang, rekstur, viðhald eða notkun leiðslanna eða hluta þeirra. Viðskiptabannið ætti einnig að taka til kaupa á jarðgasi sem flutt er um hvora leiðsluna sem er. Beita ætti markvissum undanþágum og frávikum til að tryggja að fyrirliggjandi eftirlitskerfi með leiðslunum í gegnum fyrirkomulag endurskipulagningar, einkum í tengslum við Nord Stream AG og Nord Stream 2 AG, verði áfram fyrir hendi til þess að tryggja að leiðslurnar verði ekki notaðar.
- 16) Einnig þykir rétt að breyta skilyrðum fyrir því að láta aðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands, sem nota sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót, sæta viðskiptabanni. Þetta stafar af því að sendingakerfið fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) var sett á fót af Rússlandi sem valkostur við sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála með staðfestu í Sambandinu og til að verja banka þess fyrir áhrifum þvingunaraðgerða sem Sambandið og bandalagsríki þess hafa samþykkt frá 2014 til að

bregðast við aðgerðum Rússa sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu. Ráðið telur að með því að vikka út notkun á sendingakerfinu fyrir fjármálaskilaboð utan yfirráðasvæðis síns leitist Rússland við að fylgja enn frekar eftir þeirri stefnu og vernda alþjóðaviðskipti sín fyrir áhrifum þvingunaraðgerða Sambandsins og auka þannig fjárhagslegt viðnám sitt og tækifæri til að greiða fyrir því að hægt sé að sniðganga bönnin í ákvörðunum ráðsins 2014/512/SSUÖ og 2014/145/SSUÖ⁽⁵⁾ og í reglugerðum ráðsins (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014⁽⁶⁾.

- 17) Viðeigandi þykir að vikka út viðskiptabann á lána- og fjármálastofnanir og þjónustuveitendur sýndareigna í þriðju löndum þannig að það nái til aðila sem raska verulega tilganginum með bönnunum í ákvörðunum 2014/512/SSUÖ og 2014/145/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014. Útvíkkun viðskiptabannsins nær einnig til fjármálastofnana og þjónustuveitenda sýndareigna í þriðju löndum sem styðja við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þ.m.t. með úrvinnslu viðskipta eða með því að útvega útflutningsfjármögnun fyrir verslunarviðskipti sem raska tilgangi ákvörðunar 2014/512/SSUÖ og reglugerðar (ESB) nr. 833/2014. Ráðið telur að bæta ætti tveimur aðilum á skrána yfir fjármálastofnanir í þriðju löndum sem falla undir það bann. Loks nær viðskiptabannið einnig til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í þriðju löndum sem er ekki lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna, þ.m.t. þeirra sem eiga viðskipti með olíu, sem raskar verulega tilgangi þeirra banna sem sett eru fram í 4. gr. o, 4. gr. p og 4. gr. x í ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 18) Réttmætt þykir að vikka út fyrirbyggjandi bann við því að veita sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála og gera að viðskiptabanni, þannig að það nái til tiltekinnna rússneskra lána- eða fjármálastofnana eða annarra rekstrareininga sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála eða rússneskra dótturfyrirtækja lána- eða fjármálastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið og eru annaðhvort stórir og mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alrikistengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd verulegra greiðslna yfir landamæri og efla þannig rússneska hagkerfið og atvinnulíf þess, bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess. Ráðið telur að bæta ætti 22 lána- eða fjármálastofnunum og öðrum rekstrareiningum á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir það viðskiptabann. Loks þykir viðeigandi að bæta við undanþágum sem tengjast starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi og viðskiptum ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í Rússlandi. Einnig þykir viðeigandi að bæta við undanþágu vegna viðskipta sem eru algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnustarfsemi. Hafa ber hugfest að þvingunaraðgerðir Sambandsins hafa ekki áhrif utan yfirráðasvæðis þess og eru ekki bindandi fyrir rekstraraðila sem eru skráðir samkvæmt lögum þriðju landa, þ.m.t. lögum Rússlands. Með fyrirvara um 8. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 geta viðskipti milli lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem eru skráðar eða löglega stofnaðar samkvæmt lögum aðildarríkis, og dótturfélaga þeirra í þriðju löndum því ekki talist brot á því banni, þ.m.t. þegar lána- eða fjármálastofnanir sem falla undir bannið taka þátt í slíkum viðskiptum. Undanþágurnar og frávikid í 1. gr. e í ákvörðun 2014/512/SSUÖ hafa ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í VIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sendingarþjónustu á sviði fjármála.
- 19) Til að auka skilvirkni verðþakskerfisins fyrir olíu þykir rétt að innleiða sjálfvirka aðferð til að breyta verðpakinu fyrir rússneska hráolíu með hliðsjón af meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu. Í ljósi núverandi heimsmarkaðsverðs á olíu ætti lægra verðpak fyrir rússneska hráolíu nú þegar að hafa verið samþykkt til að færa verðpakið nær framleiðslukostnaði á olíu og draga þannig enn frekar úr tekjum Rússlands af olíuútflytningi. Í hvert sinn sem verðpakinu er breytt ættu fyrri samningar, sem fylgja gildandi verðpaki, að njóta hags af 90 daga umbreytingartímabili í þágu sjóflutninga og vegna veitingar, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar sem tengist sjóflutningum á rússneskri hráolíu til þriðju landa. Þetta umbreytingartímabil er nauðsynlegt til að tryggja samræmda framkvæmd allra rekstraraðila á verðpakinu.
- Auk þess ætti að efla núverandi endurskoðunarkerfi og fylgjast ætti með virkni verðpaks fyrir olíu og gefa ráðinu skýrslu um það á sex mánaða fresti. Virkni verðþakskerfisins, m.a. verðþaksstig og umfang viðkomandi banna, ætti að vera háð reglulegri endurskoðun ráðsins.
- 20) Sjóður Rússlands fyrir beinar fjárfestingar (e. Russian Direct Investment Fund (RDIF-sjóðurinn)) er áfram stjórnæki sem Rússland notar til að beina erlendum gjaldmiðlum inn í lögsögu sína, til að leita eftir aðgangi að fjármagni til að viðhalda stríðsrekstri sínum og til að auka viðnámsþrótt hagkerfis síns. RDIF-sjóðurinn notar margbrotið fjárfestingarskipulag til að fela starfsemi sína og verkefni sem eru fjármögnuð sameiginlega og einangra þau frá afleiðingum árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu. Því er viðeigandi að innleiða viðskiptabann sem beinist að RDIF-sjóðnum, dótturfélögum hans, verulegum fjárfestingum hans og öllum

þeim sem veita þessum rekstrareiningum fjárfestingarþjónustu eða aðra fjármálaþjónustu. Fjárfesting telst „veruleg“ ef hún virðist studd af stefnu eða stefnumótun stjórnvalda í efnahagsmálum eða varðar geira sem tengist landfræðipólítískri aðlögunarhæfni Rússlands til langs tíma, einkum að því er varðar fjármál og bankastarfsemi, flutninga, fjarskipti, varnarmál, iðnaðarframleiðslu, háþróaða tækni, orku eða leit, rannsóknir og vinnslu olíu, gass og jarðefnaauðlinda, þ.m.t. tengd hugverk eða rannsóknir og þróun. Ráðið telur að bæta ætti fjórum rekstrareiningum á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þar sem RDIF-sjóðurinn lagði í verulegar fjárfestingar sem falla undir viðskiptabannið.

- 21) Rússneski banka- og fjármálageirinn er lykillinn að stríðsrekstri Rússlands. Viðeigandi þykir að leggja bann við því að útvega hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari þróun hans.
- 22) Í því skyni að takmarka enn frekar starfsemi skipa, sem eru hluti af „skuggaflota“ olíutankskipa eða leggja til tekna Rússlands af orku, þykir viðeigandi að bæta 105 skipum á skrána yfir skip sem sett er fram í XVI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sem sæta banni að því er varðar hafnir og skipastiga aðildarríkja og banni við því að taka við ýmiss konar þjónustu í tengslum við sjóflutninga.
- 23) Aðildarríkin ættu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til gildandi alþjóðlegra skuldbindinga sinna, ekki að viðurkenna eða framfylgja lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum, á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli milli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt ákvörðun 2014/512/SSUÖ eða 2014/145/SSUÖ eða reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014. Skilvirk framkvæmd ákvæðisins um að ekki sé hægt að hafa uppi kröfur ætti að teljast til allsherjarreglu í Sambandinu og aðildarríkjunum að því er varðar viðurkenningu og framfylgd úrskurða gerðardóms eða ákvarðana dómstóla eða stjórnvalda. Af þessu leiðir að viðurkenning eða framfylgd aðildarríkja á lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum, á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli milli fjárfesta og ríkis sem gæti leitt til fullnustu krafna í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt ákvörðunum 2014/512/SSUÖ og 2014/145/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014, ætti að teljast brot á allsherjarreglu í Sambandinu og aðildarríkjunum. Það ákvæði ætti ekki að hafa áhrif á þá skyldu aðildarríkis að taka þátt í og verja sig í máli sem höfðað er gegn því og óska eftir viðurkenningu og framfylgd úrskurðar sem veitir því rétt til endurgreiðslu kostnaðar.
- 24) Ef aðildarríkin standa frammi fyrir því að gerðardómur úrskurði þeim í óhag í málsmeðferð til lausnar deilumáli milli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt ákvörðun 2014/512/SSUÖ eða 2014/145/SSUÖ, eða reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða (ESB) nr. 269/2014, ættu þau að nýta sér hver þau úrræði til andmæla sem þeim standa til boða í innlendri eða erlendri málsmeðferð um að slíkur úrskurður verði viðurkenndur eða honum framfylgt. Í þessu felst að hafi uppi andmæli þess efnis að viðurkenning eða framfylgd úrskurðarins væri í andstöðu við allsherjarreglu í því landi þar sem viðurkenningar og framfylgdar er leitað, í samræmi við samninginn um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða frá 1958.
- 25) Að því er Paks II-verkefnið varðar eiga bönnin í ákvörðun 2014/512/SSUÖ ekki að gilda um þá starfsemi sem um getur í 5. gr. c eða 12. gr. h í reglugerð (ESB) nr. 833/2014. Viðskiptabannið í 1. gr. e í ákvörðun 2014/512/SSUÖ eða 5. gr. h í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem varðar rekstrareiningarnar sem skráðar eru í VIII. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, ætti að vera eitt þeirra banna sem falla undir það ákvæði.
- 26) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 27) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Sambandsins til þess að hrinda tilteknum ráðstöfunum í framkvæmd.
- 28) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/512/SSUÖ til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 1. gr. aa:

„2f. Bannið í 1. mgr. gildir ekki með tilliti til rekstrareininga með staðfestu í Sambandinu sem koma fram fyrir hönd eða starfa eftir fyrirmælum rekstrareininga sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr., að því tilskildu að:

- a) lögbær stjórnvöld hafi sett rekstrareininguna undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds eða notað svipaða opinbera varnarráðstöfun eða
- b) lögbær stjórnvöld hafi heimilað svipaða varnarráðstöfun til að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra og að farið sé að þvingunaraðgerðum.“

2) Í stað 2. mgr. 1. gr. að kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Rússlands sem er á skrá í XVIII. viðauka.

Í XVIII. viðauka skal tilgreina lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands sem nota sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega, sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands eða rússneska ríkið kemur á fót.“

3) Í stað 1. gr. að kemur eftirfarandi:

„1. gr. að

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem:

- a) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna sem raskar umtalsvert tilgangi banna í þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ og í reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014, eins og skráð er í A-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun,
- b) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna sem styður við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þ.m.t. með úrvinnslu viðskipta eða fjármögnun útflutnings fyrir verslunarviðskipti sem raska tilgangi þessarar ákvörðunar, eins og skráð er í B-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun,
- c) er ekki lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna og raskar verulega tilgangi með þeim bönnum sem sett eru fram í 4. gr. o, 4. gr. p og 4. gr. x í þessari ákvörðun, eins og skráð er í C-hluta XIX. viðauka við þessa ákvörðun.

2. Bannið í 1. mgr. gildir um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.

3. Bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum eða landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa eða flytja til Rússlands samkvæmt þessari ákvörðun,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að slík viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar ákvörðunar og ákvörðunar 2014/145/SSUÖ og reglugerða (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014 eða
- c) nauðsynleg í mannúðarskygni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða tilflutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings.“

4) Eftirfarandi liður bætist við í 3. mgr. 1. gr. af:

„g) um viðskipti vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings kola sem falla undir SN-númer 2701 þegar þau eru upprunnin í þriðja landi og eru einungis sett um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.“

5) Eftirfarandi liður bætist við í 4. mgr. 1. gr. af:

„g) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhend- ingar og endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu, sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota.“

6) Eftirfarandi greinar bætast við:

„1. gr. að

1. Lagt er bann við því að eiga í hvers konar viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 að því er varðar frágang, starfrækslu, viðhald eða notkun

leiðslanna. Að auki skal vera bannað að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, í hvers konar viðskiptum í tengslum við fjármögnun vegna frágangs, starfrækslu eða notkunar leiðslanna.

2. Bönnin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gilda ekki um viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna, sjóflutninga eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbærum stjórnvöldum heimilt að leyfa viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg:
 - a) vegna slita eða endurskipulagningar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 þegar það er nauðsynlegt til að tryggja að jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 verði ekki notaðar,
 - b) til að krefjast bóta, endurheimtar eða annars frá einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2,
 - c) til að framkvæma og taka við greiðslum eða endurheimtum sem hafa þegar eða munu falla í gjalddaga samkvæmt eða í tengslum við dómsúrskurði, fjármögnun, tryggingu, ábyrgðir eða aðra samninga eða samkomulag í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 sem gengið var frá fyrir 20. júlí 2025,
 - d) vegna sáttagerðar eða dóms- eða gerðardómsmeðferðar í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2,
 - e) vegna reglubundinnar viðhaldsþjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að koma í veg fyrir umhverfis- og öryggisáhættu eða neikvæð áhrif á sjávarútvegsgeirann.

Áður en lögbær stjórnvöld gefa út slíka heimild skulu þau láta framkvæmdastjórninni í té drög að henni. Framkvæmdastjórnin getur skilað álit til lögbærra stjórnvalda innan 30 daga frá móttöku umræddra draga, þess efnis að fyrirhuguð viðskipti myndu skaða hagsmuni Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu um slíkt álit.

4. Rekstraráðilar skulu upplýsa lögbært stjórnvald aðildarríkisins, þar sem þeir eru skráðir eða þar sem þeir eru stofnaðir samkvæmt lögum, um öll viðskipti sem fara fram skv. 2. mgr. innan tveggja vikna frá því að gengið er frá þeim. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.
5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

1. gr. ah

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við:
 - a) sjóð Rússlands fyrir beinar fjárfestingar (RDIF-sjóðinn),
 - b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er í eigu eða undir stjórn RDIF-sjóðsins,
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, þar sem rekstrareining, sem um getur í a- eða b-lið, hefur, með beinum eða óbeinum hætti, ráðist í umtalsverða fjárfestingu, sbr. skrána í XXII. viðauka við þessa ákvörðun,
 - d) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem veitir rekstrareiningu, sem um getur í a-, b- eða c-lið, fjárfestingarþjónustu eða aðra fjármálaþjónustu, sbr. skrána í XXIII. viðauka við þessa ákvörðun,
 - e) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið.
 2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum og lækningavörum sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari ákvörðun.
 3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað fram til 31. desember 2026, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnustarfsemi.
 4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. eða 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“
- 7) Ákvæðum 1. gr. e er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:
- „1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í VIII. viðauka, eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi sem er, með beinum eða óbeinum hætti, meira en 50% í eigu rekstrareiningar sem er á skrá í VIII. viðauka.“
- b) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
- „1a. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti:
- sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,
 - af hálfu ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í Rússlandi og voru það fyrir 24. febrúar 2022.
- 1b. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnu-starfsemi.
- 1c. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað framkvæmd viðskipta við Bank Zenit, eins og skráð er í XVIII. viðauka, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að framkvæmd slíkra viðskipta sé nauðsynleg vegna:
- greiðslna fyrir vörur sem falla undir SN-númer 3402 90,
 - efnda samninga, sem gerðir voru fyrir 1. janúar 2025, til 1. janúar 2028 eða þar til þeir renna úr gildi, eftir því hvort ber fyrir að.“
- 8) Ákvæðum 1. gr. k er breytt sem hér segir:
- a) Í stað 2. mgr. b kemur eftirfarandi:
- „2b. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða afhenda, með beinum eða óbeinum hætti, hugbúnað til að reka fyrirtæki, hugbúnað fyrir hönnun og framleiðslu á sviði iðnaðar og hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014:
- ríkisstjórn Rússlands eða
 - lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „10a. Bannið í 2. mgr. b gildir ekki um útvegum hugbúnaðar til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármála-geiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem er nauðsynlegur vegna efnda samninga, sem gerðir voru fyrir 20. júlí 2025, til 30. september 2025 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.“
- 9) Ákvæðum 3. gr. a er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „1aa. Með fyrirvara um bannið við óbeinum útflutningi í 1. mgr. þessarar greinar og 4. gr. reglugerðar (ESB) 2021/821 skal krefjast leyfis fyrir útflutningi á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, eins og skráð er í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, til annars þriðja lands en Rússlands hafi útflytjandinn verið upplýstur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu um að hlutirnir sem um ræðir séu eða kunni að vera ætlaðir, í heild eða að hluta, einstaklingi, lögaðila, rekstrar-eyningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi.“
- b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:
- „6a. Þegar leyfis er krafist skv. 1. mgr. aa skulu lögbær stjórnvöld fylgja þeim reglum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2021/821 sem skulu gilda að breyttu breytanda.“
- 10) Ákvæðum 4. gr. m er breytt sem hér segir:
- a) Eftirfarandi málsgreinar bætast við:
- „3ah. Að því er varðar vörur sem falla undir tiltekin SN-númer gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 21. október 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 20. júlí 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.

3ai. Að því er varðar vörur sem falla undir tiltekin SN-númer gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrr en 21. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 20. júlí 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

b) Eftirfarandi liðum er bætt við 4. mgr. a:

„e) vörum sem falla undir SN-númer 7615 10, SN-númer 8414 60 og SN-númer 8422 30,

f) vörum sem falla undir SN-númer 3916 20 þegar slíkt er algerlega nauðsynlegt vegna sölu á PVC-gólfefnum.“

c) Eftirfarandi málgreinar bætast við:

„5h. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 8422 30 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg vegna þökkunar á matvælum, drykkjum og lyfjum.

5i. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 3402 90 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg vegna efnda samninga, sem gerðir voru fyrir 1. janúar 2025, til 1. janúar 2028 eða þar til þeir renna úr gildi, eftir því hvort ber fyrr að.“

11) Eftirfarandi málgrein bætist við í 4. gr. o:

„3b. Undanþágan í d-lið 3. mgr. skal falla úr gildi fyrir Tékkland frá og með 1. júlí 2025.“

12) Eftirfarandi grein bætist við:

„4. gr. oa

1. Lagt er bann við því, frá og með 21. janúar 2026, að kaupa, flytja inn eða flytja til, með beinum eða óbeinum hætti, inn í Sambandið jarðolíuafurðir sem falla undir SN-númer 2710 og fengnar eru í þriðja landi úr hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 og upprunnin er í Rússlandi.

Að því er varðar beitingu þessarar málgreinar skulu innflytjendur leggja fram sönnun við innflutning um upprunaland hráolíu sem er notuð við vinnslu framleiðsluvörunnar í þriðja landi nema varan sé flutt inn frá samstarfslandi sem er á skrá í XXIV. viðauka.

Jarðolíuafurðir, sem fluttar eru inn frá þriðju löndum sem voru nettóútflytjendur hráolíu á næstliðnu almanaksári, skulu teljast fengnar úr innlendri jarðolíu en ekki úr jarðolíu sem er upprunnin í Rússlandi nema lögbært stjórnvald hafi gilda ástæðu til að ætla að þær hafi verið fengnar úr rússneskri hráolíu.

2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsástoð, ásamt váttryggingum og endurtryggingum, sem tengjast banninu í 1. mgr.“

13) Ákvæðum 4. gr. p er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Bönnin í 1. og 4. mgr. þessarar greinar gilda ekki í 90 daga frá og með gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 að því er varðar flutning á vörum, sem falla undir SN-númer 2709 00 sem eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan, og veitingu, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, sem tengist flutningnum, að því tilskildu að:

a) flutningurinn eða veiting tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar í tengslum við flutningana sé á grundvelli samnings sem gerður er fyrir gildistöku dag framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og

b) innkaupsverð á hverja tunnu sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 daginn sem samningurinn er gerður.“

b) Eftirfarandi málgrein bætist við:

„5a. Bönnin í 1. og 4. mgr. þessarar greinar gilda ekki í 90 daga frá og með gildistöku sérhverrar ákvörðunar ráðsins um breytingu á XI. viðauka við þessa ákvörðun að því er varðar flutning á vörum, sem falla undir SN-númer 2710 sem eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan, og veitingu, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, sem tengist flutningnum, að því tilskildu að:

- a) flutningur eða veiting tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, í tengslum við flutningana, sé á grundvelli samnings sem gerður er fyrir gildistöku dag sérhverrar ákvörðunar ráðsins um breytingu á XI. viðauka við þessa ákvörðun og
- b) innkaupsverð á hverja tunnu sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XI. viðauka daginn sem samningurinn er gerður.“
- c) Í stað a-liðar 6. mgr. kemur eftirfarandi:
- „a) frá og með 5. desember 2022, um hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 sem er upprunnin í Rússlandi eða hefur verið flutt út þaðan, að því tilskildu að innkaupsverð á hverja tunnu af slíkri afurð sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014,“.
- d) Eftirfarandi aa-liður bætist við í 6. mgr.:
- „aa) frá og með 5. febrúar 2023, um hráolíu sem fellur undir SN-númer 2710 sem er upprunnin í Rússlandi eða hefur verið flutt út þaðan, að því tilskildu að innkaupsverð á hverja tunnu af slíkri afurð sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XI. viðauka við þessa ákvörðun,“.
- e) Í stað 6. mgr. a kemur eftirfarandi:
- „6a. Við beitingu a-liðar 4. og 6. mgr., þegar um er að ræða rússneska hráolíu eða jarðolíuafurðir sem eru á skrá í XIII. viðauka og settar eru um borð í skip 20. febrúar 2024 eða síðar, skulu þjónustuveitendur sem ekki hafa aðgang að kaupverði slíkra afurða á hverja tunnu, eins og mælt er fyrir um í XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, að því er varðar hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00, og í XI. viðauka við þessa ákvörðun, afla sundurliðaðra verðupplýsinga um aukakostnað sem rekstraraðilar ofar í aðfangakeðjunni í viðskiptum með rússneska hráolíu og jarðolíuafurðir hafa látið í té. Slíkar sundurliðaðar verðupplýsingar skulu veittar mótaðilum og lögbærum stjórnvöldum að beiðni þeirra til að unnt sé að sannprófa að farið sé að þessari grein.“
- f) Í stað 12. mgr. kemur eftirfarandi:
- „12. Verðþak olíu skal reiknað út og metið reglulega í samræmi við fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í reglugerð 2025/1495 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014, en samkvæmt henni er framkvæmdastjórninni skylt:
- að vakta verð á rússneskri hráolíu á grundvelli verðmats sem viðurkenndar skýrslugjafarstofnanir láta í té,
 - að reikna, á grundvelli þessara gagna, út meðalmarkaðsverð rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil sem hefst frá og með 15. júlí 2025 og yfir samsvarandi tímabil sem nemur 22 vikum á sex mánaða fresti eftir það,
 - að birta tilkynningu um þetta meðalmarkaðsverð og
 - að gera breytingar á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 15. janúar 2026 og á sex mánaða fresti eftir það. Til að ná fram markmiðum verðþaksins áfram með skilvirkum hætti, þ.m.t. getu þess til að draga úr tekjum Rússlands af olíu, skal það jafngilda þessu meðalmarkaðsverði á rússneskri hráolíu að frádregnum 15%. Ef nýlega útreiknað verð vikur frá gildandi verðþaki um allt að 5% skal ekki breyta verðþakinu.
- Breytta verðþakið gildir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir gildistöku hvorrar slíkrar breytingar á XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- Virgni verðþakskerfisins, þ.m.t. XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem og banna í 1. og 4. mgr. þessarar greinar, skal metin eigi síðar en 15. apríl 2026 og á sex mánaða fresti eftir það, m.a. á grundvelli samræmingar við Verðþaksbandalagið. Leggja skal matið fyrir ráðið ásamt tillögum að breytingum, eftir því sem við á.
- Matið má framkvæma fyrir ef það er tilhlýðilega rökstutt með þróun á olíumarkaði, landfræðipólítískum aðstæðum eða öðrum viðeigandi sjónarmiðum.
- Í matinu skal taka tillit til skilvirkni ráðstöfunarinnar í ljósi ætlaðra niðurstaðna þess, framkvæmdar, alþjóðlegrar fylgni og óformlegrar samræmingar við verðþakskerfið og mögulegra áhrifa á Sambandið og aðildarríki þess. Í því skal bregðast við þróun markaðarins, m.a. hugsanlegum óróa.
- Á grundvelli þeirrar skýrslu skal ráðið endurskoða virkni verðþakskerfisins, þ.m.t. XXVIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem og bönnin í 1. og 4. mgr. þessarar greinar.

14) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 4. gr. z:

„6. Þrátt fyrir bönnin í 1. og 2. mgr. getur lögbært stjórnvald aðildarríkis, sem ekki er tengt samtengdu jarðgaskerfi annars aðildarríkis með beinum hætti og sem tók við fyrstu viðskiptalegu afhendingu samkvæmt sínum fyrsta langtímasamningi um jarðgas eftir 20. júlí 2025, heimilað kaup, innflutning eða tilflutning á fljóttandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunið í Rússlandi eða flutt út frá því, eftir að hafa ákvarðað að kaupin, innflutningurinn eða tilflutningurinn sé notaður til að tryggja orkuafhendingu þess.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

15) Eftirfarandi málsgreinar bætast við 7. gr.:

„2a. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum, á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli milli fjárfesta og ríkis gegn aðildarríki og gæti leitt til efnda á kröfum í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014, ef skírskotað er til hennar af aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a, b, c- eða d-lið 1. mgr. þessarar greinar eða aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þessum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum.

2b. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki beiðni um aðstoð meðan á rannsókn eða annarri málsmeðferð stendur, eða refsingu eða öðrum viðurlögum sem eru byggð á lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum, á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli milli fjárfesta og ríkis sem höfðað er gegn aðildarríki í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014, ef skírskotað er til þeirra af aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a, b, c- eða d-lið 1. mgr. þessarar greinar eða aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þessum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum.“

16) Eftirfarandi greinar bætast við:

„7. gr. b

Sérhvert aðildarríki skal, eftir atvikum, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sækja skaðabætur fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, eða eiga rétt á því, vegna beins eða óbeint tjóns, m.a. lögfræðikostnaðar, sem það aðildarríki stofnar til vegna deilumáls milli fjárfesta og ríkis sem höfðað er gegn aðildarríki í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt þessari ákvörðun og ákvörðun 2014/145/SSUÖ og reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014. Aðildarríkið skal, eftir atvikum, eiga rétt á að krefjast slíkra bóta frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið 1. mgr. 7. gr. d, sem hófu, komu að eða tóku þátt í lausn deilumáls milli fjárfesta og ríkis eða sem leitar eftir því að framfylgja úrskurði, ákvörðun eða dómi sem tengist lausn deilumáls milli fjárfesta og ríkis, og aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna einhverjum þessara aðila, rekstrareininga eða stofnana.

Sambandið skal, eftir atvikum, eiga rétt á að sækja skaðabætur vegna tjóns sem það kann að hafa orðið fyrir með sömu skilyrðum.

7. gr. c

Aðildarríkin skulu hafa uppi hver þau andmæli sem þeim standa til boða gegn viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða sem kveðnir eru upp þeim í óhag við málsmeðferð til lausnar deilumáli milli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari ákvörðun eða ákvörðun 2014/145/SSUÖ eða reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014.“

17) Í stað 8. gr. c kemur eftirfarandi:

„8. gr. c

Ráðið skal, einróma á grundvelli 29. og 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, gera breytingar á I., II., III., IV., V., VI., VIII., IX., X., XI., XIV., XVI., XVII., XVIII., XIX., XX., XXI., XXII., XXIII. og XXIV. viðauka.“

18) Viðaukunum við ákvörðun 2014/512/SSUÖ er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 18. júlí 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

M. BJERRE

⁽¹⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/884 frá 3. júní 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 153, 3.6.2022, bls. 128, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/884/oj>).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/879 frá 3. júní 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtíð. ESB L 153, 3.6.2022, bls. 53, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/879/oj>).

⁽⁵⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16, ELI: [http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145\(1\)/oj](http://data.europa.eu/eli/dec/2014/145(1)/oj)).

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/1495/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.

Fylgiskjal 8.32.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) 2025/1494****frá 18. júlí 2025****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2025/1495 frá 18. júlí 2025 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 31. júlí 2014 samþykkti ráðið reglugerð (ESB) nr. 833/2014⁽²⁾.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 833/2014 koma til framkvæmda tilteknar ráðstafanir sem kveðið er á um í ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ⁽³⁾.
- 3) Með ákvörðun 2014/512/SSUÖ er lagt bann við sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi til Rússlands á hvers kyns vopnum og tengdum hergögnum og við kaupum frá Rússlandi á hvers kyns vopnum og tengdum hergögnum.
- 4) Hinn 18. júlí 2025 samþykkti ráðið ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 sem breytir ákvörðun 2014/512/SSUÖ.
- 5) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er 26 rekstrareiningum bætt við skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir, sem sett er fram í IV. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, þ.e. skrána yfir aðila, rekstrareiningar og stofnanir sem styðja við hergagnaiðnað í Rússlandi í árásarstríði þess gegn Úkraínu, sem eru látnar sæta þrengri takmörkunum á útflutningi að því er varðar vörur og tækni með tvíþætt notagildi, sem og vörur og tækni sem kunna að stuðla að tæknilegri eflingu í varnar- og öryggismálum Rússlands. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 eru enn fremur færðar á skrána tilteknar rekstrareiningar í þriðju löndum, öðrum en Rússlandi, sem stuðla með óbeinum hætti að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands og gera þannig sniðgöngu útflutningstakmarkana mögulega, þ.m.t. á ómönnum loftförum.
- 6) Með ákvörðun (ESB) 2025/1495 er aukið við skrána yfir hluti sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála með því að bæta við hlutum sem Rússland hefur notað í árásarstríði sínu gegn Úkraínu og hlutum sem stuðla að þróun eða framleiðslu hernaðarkerfa þess, þ.m.t. viðbótartölvustýringarvélar og efnishlutar drífefna.
- 7) Til að auka skilvirkni þvingunaraðgerða, sem gripið er til í því skyni að bregðast við árásarstríði Rússlands gegn Úkraínu, er nauðsynlegt að bregðast við hættunni á því að þær verði sniðgengnar með óbeinum útflutningi um þriðju lönd. Vörur og tækni sem eru á skrá í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, þ.m.t. þegar þær eru fluttar út undir því yfirskeyti að þær séu ætlaðar til borgaralegra nota. Bannið við óbeinum útflutningi tekur til útflutnings á hlutum sem eru taldir upp í viðaukunum við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, þ.m.t. í gegnum þriðja land. Lögbær stjórnvöld ættu að grípa tímanlega til fyrirbyggjandi aðgerða ef trúverðug hætta er á að slíkum hlutum, sem fluttir eru út til þriðju landa, gæti að lokum verið beint til Rússlands. Í ákvörðun (SSUÖ) 2025/1471 er aðildarríkjum því séð fyrir valkvæðu stjórnsýslufyrirkomulagi sem gerir lögbærum innlendum stjórnvöldum kleift að krefjast fyrirframleyfis fyrir útflutningi hluta, sem eru skráðir í VII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014, til hvaða þriðja lands sem er, hafi útflytjandinn verið upplýstur um að nægileg ástæða sé til að ætla að lokaákvörðunarstaður hlutanna kunni að vera í Rússlandi eða hlutirnir kunni að vera til endanlegra nota fyrir rekstrareiningar í Rússlandi. Þeirri ráðstöfun er ekki ætlað að koma á nýrri almennri takmörkun heldur að sjá aðildarríkjum fyrir verkfæri, sem er skilvirk og í samræmi við meðalhóf, til að rannsaka og koma í veg fyrir hugsanlega sniðgöngu þvingunaraðgerða, jafnframt því að tryggja samræmda túlkun og skýrleika laga fyrir útflytjendur. Ráðstöfunin ætti ekki að hafa áhrif á gildissvið ákvæðisins um bann við óbeinum útflutningi. Það er aðildarríkjanna að ákveða hvort beita beri þeirri ráðstöfun eða ákvæðinu um bann við óbeinum útflutningi sem fyrirkomulagi til framfylgdar í tilvikum þar sem lokaákvörðunarstaður hlutanna kann að vera í Rússlandi eða þeir kunna að vera til endanlegra nota fyrir rekstrareiningar í Rússlandi.
- 8) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 eru lögð frekari útflutningshöft á vörur sem gætu stuðlað að því að auka getu Rússlands á sviði iðnaðar, s.s. vélar, kemísk efni, sumar tegundir málma og plast. Til að lágmarka

- hættu á sniðgöngu þvingunaraðgerða er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 aukið enn frekar við skrána yfir vörur og tækni, sem falla undir bann við umflutningi um yfirráðasvæði Rússlands.
- 9) Í ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/884⁽⁴⁾ og reglugerð ráðsins (ESB) 2022/879⁽⁵⁾ er kveðið á um að aðildarríki skuli gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að afla annars konar birgða í stað innflutnings á hráolíu með leiðslum frá Rússlandi til að sá innflutningur falli undir bannið eins fljótt og auðið er. Í samræmi við það markmið ætti tímabundin undanþága, sem Tékkland hefur fengið vegna afhendingar hráolíu með leiðslum frá Rússlandi, að taka enda.
 - 10) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er lagt bann við kaupum, innflutningi eða tilflutningi, beint eða óbeint, til Sambandsins, á jarðolíuafurðum sem fengnar eru í þriðja landi úr rússneskri hráolíu, sem og við veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar. Með þeirri ákvörðun er einnig sett fram skrá yfir samstarfslönd sem beita röð þvingunaraðgerða sem eru í meginatriðum jafngildar ráðstöfunum sem Sambandið hefur gripið til vegna innflutnings á rússneskri olíu og jarðolíuafurðum. Jarðolíuafurðir sem fluttar eru inn frá nettóútflytjendum hráolíu ættu að teljast fengnar úr innlendri hráolíu en ekki úr hráolíu sem er upprunnin í Rússlandi. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessa banns, einkum að því er varðar þau gögn sem rekstraraðilar, sem stunda innflutning á hreinsuðum olíuvörum, ættu að leggja fram.
 - 11) Lagt er bann við innflutningi á fljótandi jarðgasi frá Rússlandi um birgðastöðvar í Sambandinu fyrir fljótandi jarðgas sem eru ekki tengdar samtengda jarðgaskerfinu. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er innleidd undanþága frá banninu sem aðildarríki, sem er ekki með beinum hætti tengt samtengdu jarðgaskerfi annars aðildarríkis og fær fyrstu viðskiptalegu afhendingu samkvæmt sínum fyrsta langtímasamningi um jarðgas eftir 20. júlí 2025, getur veitt til að tryggja orkuafhendingu til sín. Þetta er með fyrirvara um aðra löggjafarráðstöfun sem hefur áhrif á orkuinnflutning frá Rússlandi til Sambandsins.
 - 12) Gildissvið viðskiptabannsins sem sett er fram í 1. mgr. 5. gr. aa í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 ætti að túlka í viðum skilningi og ætti að ná til hvers konar viðskipta. Að því er varðar tengslin milli dótturfélags í Sambandinu og rússnesks móðurfélags sem skráð er í XIX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 833/2014 ætti viðskiptabannið í þessu samhengi í raun að leiða að miklu leyti til þess að dótturfélagið aftengist rússnesku móðurfélagi sínu. Þannig getur það að fá samþykki með beinum eða óbeinum hætti, sem dótturfélög kunna að þurfa að afla frá skráðu móðurfélagi, samkvæmt skilmálum samkomulags innan fyrirtækis eða öðrum lagalegum kröfum, eða að fylgja fyrirmælum sem skráð móðurfélag gefur með beinum eða óbeinum hætti, leitt til þess að dótturfélag teljist koma fram fyrir hönd eða starfa eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 5. gr. aa í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og í samræmi við c-lið þeirrar málsgreinar. Af þessum sökum getur það dótturfélag, með hliðsjón af sérstökum aðstæðum, fallið undir gildissvið viðskiptabannsins. Á meðal aðgerða sem sýna fram á að dótturfélagið kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rússneskrar rekstrareiningar eru tilnefning eða brottvikning viðurkenndra fulltrúa dótturfélagsins í Sambandinu eða viðtaka fyrirmæla eða samþykki frá millilið sem stundar ekki virka atvinnustarfsemi. Afleiðing þessa getur verið sú að gera þurfi ráðstafanir til að vernda áframhaldandi starfsemi dótturfélags sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareininga sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 5. gr. aa í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, t.d. með því að setja slíkt dótturfélag undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds eða grípa til sambærilegrar varnarráðstöfunar. Lögbær landsyfirvöld, sem eru í forsvari fyrir viðkomandi geira eða svið þar sem dótturfélagið starfar, geta einnig gripið til slíkra ráðstafana eða heimilað þær með fyrirvara um landslög. Í ljósi mikilvægis viðskiptabannsins í 1. mgr. 5. gr. aa í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, og lögaðila, rekstrareininga og stofnana sem eru á skrá í XIX. viðauka við hana er nauðsynlegt að beita ströngum viðmiðunum þegar aðili er settur undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds (e. public trusteeship) eða gripið er til svipaðrar varnarráðstöfunar (e. firewall measure). Til að tryggja áframhaldandi starfsemi og að farið verði að þvingunaraðgerðum af hálfu dótturfélaga, sem starfa á vegum eða eftir fyrirmælum rekstrareininga sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr. 5. gr. aa í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 innleidd undanþága frá viðskiptabanninu, að því tilskildu að lögbært stjórnvald hafi sett aðilann undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds eða gripið til svipaðrar opinberrar varnarráðstöfunar eða lögbæra stjórnvaldið heimilað svipaða varnarráðstöfun. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á aðrar þvingunaraðgerðir.
 - 13) Ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 breytir skilyrðum fyrir því að láta aðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands, sem nota sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands kemur á fót, sæta viðskiptabanni. Þetta stafar af því að sendingakerfið fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) var sett á fót af Rússlandi sem valkostur við sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála með staðfestu í Sambandinu og til að verja banka þess fyrir áhrifum þvingunaraðgerða sem Sambandið og bandalagsríki þess hafa samþykkt frá 2014 til að bregðast við aðgerðum Rússa sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu. Ráðið telur að með því að vikka út notkun á sendingakerfinu fyrir fjármálaskilaboð utan yfirráðasvæðis síns leitist Rússland við að

fylgja enn frekar eftir þeirri stefnu og vernda alþjóðaviðskipti sín fyrir áhrifum þvingunaraðgerða Sambandsins og auka þannig fjárhagslegt viðnám sitt og tækifæri til að greiða fyrir því að hægt sé að sniðganga bönnin í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og í reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014⁽⁶⁾.

- 14) Til að skýra tiltekin ákvæði er í ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 kveðið á um undanþágu frá viðskiptabanninu á tilteknar hafnir vegna kola frá Kasakstan á grundvelli skuldbindingar Sambandsins um að koma í veg fyrir neikvæð áhrif á orkuöryggi þriðju landa víðs vegar um heiminn. Ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 kveður einnig á um undanþágu frá viðskiptabanninu á tiltekna flugvelli að því er varðar kjarnorkugetu og -aðstöðu til borgaralegra nota.
- 15) Leiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 hafa verið hannaðar til að flytja jarðgas frá Rússlandi til Sambandsins. Rússnesk stjórnvöld stjórna þeim í gegnum ríkisfyrirtæki. Báðar leiðslurnar urðu fyrir skemmdum í september 2022 og eru sem stendur óvirkar. Nord Stream hafði séð Evrópu fyrir rússnesku jarðgasi en Nord Stream 2 var aldrei tekin í notkun. Rússland hefur ítrekað, einhliða og, fyrir lok ágúst 2022, rofið fullkomlega afhendingu jarðgass um Nord Stream til að beita Sambandið og aðildarríki þess þvingunum og grafa undan stuðningi þeirra við Úkraínu. Enn fremur myndi afhending jarðgass um þessar leiðslur afla Rússlandi tekna í framtíðinni og gera því þannig kleift að halda áfram árásarstríði sínu gegn Úkraínu. Í því skyni að koma í veg fyrir að afhending jarðgass um þessar leiðslur hefjist að nýju eða verði komið á eru með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 innleiddar takmarkandi ráðstafanir sem banna öll viðskipti sem tengjast jarðgasleiðslunum Nord Stream og Nord Stream 2 með beinum eða óbeinum hætti og varða frágang, rekstur, viðhald eða notkun leiðslanna eða hluta þeirra. Viðskiptabannið ætti einnig að taka til kaupa á jarðgasi sem flutt er um hvora leiðsluna sem er. Beita ætti markvissum undanþágum og frávikum til að tryggja að fyrirliggjandi eftirlitskerfi með leiðslunum í gegnum fyrirkomulag endurskipulagningar, einkum í tengslum við Nord Stream AG og Nord Stream 2 AG, verði áfram fyrir hendi til þess að tryggja að leiðslurnar verði ekki notaðar.
- 16) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er viðskiptabann á lána- og fjármálastofnanir og þjónustuveitendur sýndareigna í þriðju löndum víkkað út þannig að það nái til aðila sem raska verulega tilganginum með bönnunum í reglugerðum (ESB) nr. 833/2014 og (ESB) nr. 269/2014. Útvíkkun viðskiptabannsins nær einnig til fjármálastofnana og þjónustuveitenda sýndareigna sem styðja við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þ.m.t. með úrvinnslu viðskipta eða með því að útvega útflutningsfjármögnun fyrir verslunarviðskipti sem raska tilgangi reglugerðar (ESB) nr. 833/2014. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er tveimur rekstrareiningum bætt á skrána yfir fjármálastofnanir þriðju landa sem falla undir það bann. Loks nær viðskiptabannið einnig til lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í þriðja landi sem er ekki lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna, þ.m.t. þeirra sem eiga viðskipti með olíu, sem raskar verulega tilgangi þeirra banna sem sett eru fram í 3. gr. m, 3. gr. n og 3. gr. s í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 17) Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er fyrirliggjandi bann við því að veita sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála víkkað út í viðskiptabann, þannig að það nái til tiltekinna rússneskra lána- eða fjármálastofnana eða annarra rekstrareininga sem eru áskrifendur að sendingarþjónustu á sviði fjármála eða rússneskra dótturfyrirtækja lána- eða fjármálastofnana í þriðju löndum, sem skipta máli fyrir rússneska fjármála- og bankakerfið og eru annaðhvort stórir og mikilvægir svæðisbundnir bankar, sem greiða af þeim sökum fyrir svæðisbundnum og alríkistengdum fjármálum og viðskiptum, eða bankar sem greiða fyrir framkvæmd verulegra greiðslna yfir landamæri og efla þannig rússneska hagkerfið og atvinnulíf þess, bankar sem grafa undan landamærahelgi Úkraínu með því að starfa á hernumdum svæðum eða bankar sem falla þegar undir þvingunaraðgerðir Sambandsins eða samstarfslanda þess. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er einnig bætt við 22 lána- eða fjármálastofnunum og öðrum rekstrareiningum á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem falla undir þetta viðskiptabann. Loks er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 bætt við undanþágum sem tengjast starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi og viðskiptum ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í Rússlandi. Með henni er einnig bætt við undanþágu vegna viðskipta sem eru algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnustarfsemi. Hafa ber hugfast að þvingunaraðgerðir Sambandsins hafa ekki áhrif utan yfirráðasvæðis þess og eru ekki bindandi fyrir rekstraraðila sem eru skráðir samkvæmt lögum þriðju landa, þ.m.t. lögum Rússlands. Með fyrirvara um 8. gr. a í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 geta viðskipti milli lögaðila, rekstrareininga eða stofnana, sem eru skráðar eða löglega stofnaðar samkvæmt lögum aðildarríkis, og dótturfélaga þeirra í þriðju löndum því ekki talist brot á því banni, þ.m.t. þegar lána- eða fjármálastofnanir sem falla undir bannið taka þátt í slíkum viðskiptum. Undanþágurnar og frávikin í 5. gr. h í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 hafa ekki áhrif á bannið við því að rekstraraðilar í Sambandinu veiti rekstrareiningum, sem eru á skrá í XIV. viðauka við þá reglugerð, sendingarþjónustu á sviði fjármála.

- 18) Í ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er kveðið á um sveigjanlega, sjálfvirka aðferð til að breyta verðpakinu fyrir rússneska hráolíu með hliðsjón af meðalmarkaðsverði rússneskrar hráolíu. Slík aðferð ætti að tryggja að verðpakið sé ávallt nægilega lágt til að draga úr tekjum Rússlands af olíuútflutningi, að teknu tilliti til fyrri verðsveiflna. Framkvæmdarvald sem framkvæmdastjórninni er falið til að breyta verðpakinu á rússneskri hráolíu á grundvelli slíkrar aðferðar skapar ekki á nokkurn hátt fordæmi fyrir framkvæmd þvingunaraðgerða sem ráðið hefur samþykkt einróma. Í ljósi núverandi heimsmarkaðsverðs á olíu ætti lægra verðpak fyrir rússneska hráolíu nú þegar að hafa verið samþykkt til að færa verðpakið nær framleiðslukostnaði á olíu og draga þannig enn frekar úr tekjum Rússlands af olíuútflutningi. Í hvert sinn sem verðpakinu er breytt ættu fyrri samningar, sem fylgja gildandi verðpaki, að njóta hags af 90 daga umbreytingartímabili í þágu sjóflutninga og vegna veitingar, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar sem tengist sjóflutningum á rússneskri hráolíu til þriðju landa. Þetta umbreytingartímabil er nauðsynlegt til að tryggja samræmda framkvæmd allra rekstraraðila á verðpakinu. Auk þess ætti að efla núverandi endurskoðunarkerfi og framkvæmdastjórnin ætti að fylgjast með virkni verðpakisins, gefa ráðinu skýrslu á sex mánaða fresti og leggja til breytingar eftir því sem við á. Á grundvelli slíkrar skýrslu ætti ráðið að endurskoða virkni verðpakskerfisins, þ.m.t. framsal framkvæmdarvalds, XXVIII. viðauka og bönnin í 1. og 4. mgr. 3. gr. n í reglugerð (ESB) nr. 833/2014.
- 19) Sjóður Rússlands fyrir beinar fjárfestingar (e. Russian Direct Investment Fund (RDIF-sjóðurinn)) er áfram stjórnþæki sem Rússland notar til að beina erlendum gjaldmiðlum inn í lögsögu sína, til að leita eftir aðgangi að fjármagni til að viðhalda stríðsrekstri sínum og til að auka viðnámsþrótt hagkerfis síns. RDIF-sjóðurinn notar margbrotið fjárfestingarskipulag til að fela starfsemi sína og verkefni sem eru fjármögnuð sameiginlega og einangra þau frá afleiðingum árásarstríðs Rússlands gegn Úkraínu. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er því innleitt viðskiptabann sem beinist að RDIF-sjóðnum, dótturfélögum hans, verulegum fjárfestingum hans og öllum þeim sem veita þessum rekstrareiningum fjárfestingarþjónustu eða aðra fjármálaþjónustu. Fjárfesting telst „veruleg“ ef hún virðist studd af stefnu eða stefnumótun stjórnvalda í efnahagsmálum eða varðar geira sem tengist landfræðipólitískri aðlögunarhæfni Rússlands til langs tíma, einkum að því er varðar fjármál og bankastarfsemi, flutninga, fjarskipti, varnarmál, iðnaðarframleiðslu, háþróaða tækni, orku eða leit, rannsóknir og vinnslu olíu, gass og jarðefnaauðlinda, þ.m.t. tengd hugverk eða rannsóknir og þróun. Með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 er einnig fjórum rekstrareiningum bætt á skrána yfir lögaðila, rekstrareiningar og stofnanir, þar sem RDIF-sjóðurinn lagði í verulegar fjárfestingar sem falla undir viðskiptabannið.
- 20) Í því skyni að takmarka enn frekar starfsemi skipa, sem eru hluti af „skuggaflota“ olíutankskipa eða leggja til tekna Rússlands af orku, er með ákvörðun (SSUÖ) 2025/1495 einnig bætt 105 skipum á skrána yfir skip, sem sett er fram í XVI. viðauka við ákvörðun 2014/512/SSUÖ, sem sæta banni að því er varðar hafnir og skipastiga aðildarríkja og banni við því að taka við ýmiss konar þjónustu í tengslum við sjóflutninga.
- 21) Rússneski banka- og fjármálageirinn er lykillinn að stríðsrekstri Rússlands. Með ákvörðun (ESB) 2025/1495 er lagt bann við því að útvega hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum með það að markmiði að koma í veg fyrir frekari þróun hans.
- 22) Aðildarríkin ættu, að teknu tilhlýðilegu tilliti til gildandi alþjóðlegra skuldbindinga sinna, ekki að viðurkenna eða framfylgja lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014. Skilvirk framkvæmd ákvæðisins um að ekki sé hægt að hafa uppi kröfur ætti að teljast til allsherjarreglu í Sambandinu og aðildarríkjunum að því er varðar viðurkenningu og framfylgd úrskurða gerðardóms eða ákvarðana dómstóla eða stjórnvalda. Af þessu leiðir að viðurkenning eða framfylgd aðildarríkja á lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis, sem gæti leitt til fullnustu krafna í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014, ætti að teljast brjóta gegn allsherjarreglu í Sambandinu og aðildarríkjunum. Þetta ákvæði ætti ekki að hafa áhrif á þá skyldu aðildarríkis að taka þátt í og verja sig í máli sem höfðað er gegn því og óska eftir viðurkenningu og framfylgd úrskurðar sem veitir því rétt til endurgreiðslu kostnaðar.
- 23) Þó að í Sambandinu sé lagt bann við fullnustu krafna í tengslum við ráðstafanir sem lagðar eru á samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 269/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014, þ.m.t. í málsmeðferðum til lausnar deilumála utan dómstóla, bendir margt til þess að aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir í Rússlandi, eða aðilar, rekstrareiningar eða stofnanir sem starfa gegnum eða fyrir hönd einhvers þessara aðila, rekstrar-

eininga eða stofnana í Rússlandi, eða sem eru í eigu eða undir stjórn slíkra aðila, rekstrareininga eða stofnana, leitist eftir eða gætu leitast eftir því í misnotkunarskygni að hefja eða reka mál til lausnar deilumáli utan Sambandsins í tengslum við ráðstafanir sem lagðar eru á samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 og reglugerð (ESB) nr. 269/2014, eða leitist eða gætu leitast eftir því, með ólöglegum hætti, að gerðardómsúrskurður, sem kveðinn er upp í slíkri misnotaðri málsmeðferð til lausnar deilumáli, sé viðurkenndur eða honum framfylgt. Því er nauðsynlegt að gera lögbærum stjórnvöldum eða Sambandinu, eftir atvikum, kleift að sækja skaðabætur með málarekstri fyrir dómstóli aðildarríkis, þ.m.t. lögfræðikostnað og kostnað sem fellur til ef hinn aðilinn hlítir ekki gerðardómsúrskurði, frá þeim aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum og frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem eiga eða stjórna þessum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, vegna málsmeðferðar til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014, að því tilskildu að öll tiltæk lagaleg úrræði í viðkomandi lögsögu hafi verið fullreind. Lögbær stjórnvöld ættu að sækja slíkar skaðabætur í samræmi við lög Sambandsins og hefðbundnar reglur þjóðaréttar.

- 24) Ef aðildarríkin standa frammi fyrir því að gerðardómur úrskurði þeim í óhag í málsmeðferð til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið var til samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 833/2014 eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014, ættu þau að hreyfa öllum mótbárum, sem þeim standa til boða, í innlendum sem erlendum málum sem varða viðurkenningu og framfylgd slíkra úrskurða. Í þessu felst að bera fyrir sig andmæli þess efnis að viðurkenning eða framfylgd úrskurðarins væri í andstöðu við allsherjarreglu í því landi þar sem viðurkenningar og framfylgdar er leitað, í samræmi við samninginn um viðurkenningu og fullnustu erlendra gerðardómsúrskurða frá 1958.
- 25) Rýmka ætti beitingu ákvæðisins um lögsögu vegna nauðsynjar (*forum necessitatis*) þannig að það nái til 11. gr. e.
- 26) Þessar ráðstafanir falla undir gildissvið sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og því er lagasetning á vettvangi Sambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggj sé að þeim verði beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 27) Að því er varðar Paks II-verkefnið ættu bönnin í reglugerð (ESB) nr. 833/2014 ekki að gilda um starfsemina sem um getur í 12. gr. h. þeirrar reglugerðar. Viðskiptabannið í 5. gr. h í reglugerð (ESB) nr. 833/2014, sem varðar rekstrareiningarnar sem skráðar eru í XIV. viðauka við þá reglugerð, ætti að vera eitt þeirra banna sem falla undir það ákvæði.
- 28) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 833/2014 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 833/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi lið er bætt við í 1. gr.:

„zg) „samstarfsland vegna innflutnings á jarðolíuafurðum“: land sem beitir röð þvingunaraðgerða varðandi innflutning á hráolíu og jarðolíuafurðum, sem eru í meginatriðum jafngildar þeim sem kveðið er á um í 3. gr. m, eins og sett er fram í LI. viðauka,“
- 2) Ákvæðum 2. gr. a er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„1aa. Með fyrirvara um bannið við óbeinum útflutningi í 1. mgr. þessarar greinar og 4. gr. reglugerðar (ESB) 2021/821 skal krefjast leyfis fyrir útflutningi á vörum og tækni sem kunna að stuðla að hernaðarlegri og tæknilegri eflingu Rússlands eða þróun þess á sviði varnar- og öryggismála, eins og skráð er í VII. viðauka við þessa reglugerð, til þriðja lands, annars en Rússlands, hafi útflytjandinn verið upplýstur af lögbæru stjórnvaldi aðildarríkisins þar sem útflytjandinn er búsettur eða hefur staðfestu um að hlutirnir sem um ræðir séu eða kunni að vera ætlaðir, í heild eða að hluta, einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi.“
 - b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„6a. Þegar leyfis er krafist skv. 1. mgr. aa skulu lögbær stjórnvöld fylgja þeim reglum og verklagsreglum sem mælt er fyrir um í 4. gr. reglugerðar (ESB) 2021/821 sem skulu gilda að breyttu breytanda.“
- 3) Ákvæðum 3. gr. k er breytt sem hér segir:
 - a) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„3ah. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númerin á skrá í XXIII E. viðauka gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 21. október 2025 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 20. júlí 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

3ai. Að því er varðar vörur sem falla undir SN-númerin á skrá í XXIII F. viðauka gilda bönnin í 1. og 2. mgr. ekki fyrir en 21. janúar 2026 um efndir samninga sem gerðir voru fyrir 20. júlí 2025 eða fylgisamninga sem nauðsynlegir eru vegna efnda slíkra samninga.“

b) Eftirfarandi liðum er bætt við 5. mgr. a:

„e) vörum sem falla undir SN-númer 7615 10, SN-númer 8414 60 og SN-númer 8422 30,

f) vörum sem falla undir SN-númer 3916 20 þegar slíkt er algerlega nauðsynlegt vegna sölu á PVC-gólfefnum.“

c) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„5h. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 8422 30 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg vegna þökkunar á matvælum, drykkjum og lyfjum.“

5i. Lögbær stjórnvöld geta heimilað, samkvæmt þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning vara sem falla undir SN-númer 3402 90 eða veitingu tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar eftir að hafa ákvarðað að slíkar vörur eða veiting tengdrar tækni- eða fjárhagsaðstoðar sé nauðsynleg vegna efnda samninga, sem gerðir voru fyrir 1. janúar 2025, til 1. janúar 2028 eða þar til þeir renna úr gildi, eftir því hvort ber fyrir að.“

4) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 3. gr. m:

„3b. Undanþágan í d-lið 3. mgr. skal falla úr gildi fyrir Tékkland frá og með 1. júlí 2025.“

5) Eftirfarandi grein er bætt við:

„3. gr. ma

1. Lagt er bann við því, frá og með 21. janúar 2026, að kaupa, flytja inn eða flytja til, með beinum eða óbeinum hætti inn í Sambandið, jarðolíuafurðir sem falla undir SN-númer 2710 og fengnar eru í þriðja landi úr hráolíu sem fellur undir SN-númer 2709 00 og upprunnin er í Rússlandi.

Að því er varðar beitingu þessarar málsgreinar skulu innflytjendur leggja fram sönnun við innflutning um upprunaland hráolíu sem er notuð við vinnslu framleiðsluvörunnar í þriðja landi nema varan sé flutt inn frá samstarfslandi sem er á skrá í LI. viðauka.

Jarðolíuafurðir, sem fluttar eru inn frá þriðju löndum sem voru nettóútflytjendur hráolíu á næstliðnu almanaksári, skulu teljast fengnar úr innlendri jarðolíu en ekki úr jarðolíu sem er upprunnin í Rússlandi nema lögbært stjórnvald hafi gilda ástæðu til að ætla að þær hafi verið fengnar úr rússneskri hráolíu.

2. Lagt er bann við því að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, miðlunarþjónustu, fjármagn eða fjárhagsástoð, ásamt vátryggingum og endurtryggingum, sem tengjast banninu í 1. mgr.“

6) Ákvæðum 3. gr. n er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Bönnin í 1. og 4. mgr. þessarar greinar gilda ekki í 90 daga frá og með gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á XXVIII. viðauka, að því er varðar flutning á vörum sem eru á skrá í XXV. viðauka sem eru upprunnar í Rússlandi eða hafa verið fluttar út þaðan, og veitingu, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar, sem tengist flutningnum, að því tilskildu að:

a) flutningurinn eða veiting tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða fjármögnunar eða fjárhagsástoðar í tengslum við flutningana sé á grundvelli samnings sem gerður er fyrir gildistöku dag framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar um breytingu á XXVIII. viðauka og

b) innkaupsverð á hverja tunnu sé ekki hærra en verðið sem mælt er fyrir um í XXVIII. viðauka sem var í gildi daginn sem samningurinn er gerður.“

b) Í stað 11. mgr. kemur eftirfarandi:

„11. Framkvæmdastjórnin skal vakta verð á rússneskri hráolíu á grundvelli verðmats sem viðurkenndar skýrslugjafarstofnanir láta í té. Á grundvelli þessara gagna skal framkvæmdastjórnin reikna út meðal-

markaðsverð rússneskrar hráolíu yfir 22 vikna tímabil sem hefst frá og með 15. júlí 2025 og yfir samsvarandi tímabil sem nemur 22 vikum á sex mánaða fresti eftir það.

Til að ná fram markmiðum verðþaksins áfram með skilvirkum hætti, þ.m.t. getu þess til að draga úr tekjum Rússlands af olíu, skal það jafngilda þessu meðalmarkaðsverði á rússneskri hráolíu að frádrögnum 15%. Ef nýlega útreiknað verð vikur frá gildandi verðþaki um allt að 5% skal ekki breyta verðþakinu.

Framkvæmdastjórnin skal birta tilkynningu um þetta meðalmarkaðsverð og breyta XXVIII. viðauka í samræmi við aðra undirgrein þessarar málsgreinar og við 7. gr. a þann 15. janúar 2026 og á sex mánaða fresti eftir það.

Breytta verðþakið gildir frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar.

Eigi síðar en 15. apríl 2026, og á sex mánaða fresti eftir það, skal framkvæmdastjórnin meta virkni verðþakskerfisins, þ.m.t. XXVIII. viðauka, sem og banna í 1. og 4. mgr. þessarar greinar, m.a. á grundvelli samræmingar við Verðþaksbandalagið. Hún skal tilkynna ráðinu niðurstöður sínar og leggja til breytingar eftir því sem við á.

Matið má framkvæma fyrr ef það er tilhlýðilega rökstutt með þróun á olíumarkaði, landfræðipólitískum aðstæðum eða öðrum viðeigandi sjónarmiðum.

Í matinu skal taka tillit til skilvirkni ráðstöfunarinnar í ljósi ætlaðra niðurstaðna þess, framkvæmdar, alþjóðlegrar fylgni og óformlegrar samræmingar við verðþakskerfið og mögulegra áhrifa á Sambandið og aðildarríki þess. Í því skal bregðast við þróun markaðarins, þ.m.t. hugsanlegum óróa.

Á grundvelli þeirrar skýrslu skal ráðið endurskoða virkni verðþakskerfisins, þ.m.t. XXVIII. viðauka, sem og bönnin í 1. og 4. mgr. þessarar greinar.“

7) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 3. gr. u:

„6. Þrátt fyrir bönnin í 1. og 2. mgr. getur lögbært stjórnvald aðildarríkis, sem ekki er tengt samtengdu jarðgaskerfi annars aðildarríkis með beinum hætti og sem tók við fyrstu viðskiptalegu afhendingu samkvæmt sínum fyrsta langtímasamningi um jarðgas eftir 20. júlí 2025, heimilað kaup, innflutning eða tilflutning á fljótandi jarðgasi sem fellur undir SN-númer 2711 11 00, sem er upprunnið í Rússlandi eða flutt út frá því, eftir að hafa ákvarðað að kaupin, innflutningurinn eða tilflutningurinn sé notaður til að tryggja orkuafhendingu þess.

Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

8) Í stað 4. gr. kemur eftirfarandi:

„4. gr.

1. Lagt er bann við:

- a) sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni á sameiginlega hergagnalista Evrópusambandsins⁽⁷⁾ (hér á eftir „sameiginlegi hergagnalistinn“), hvort sem þær eru upprunnar í Sambandinu eða ekki, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
- b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti:
 - i. tækniaðstoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu sem tengist hermálum eða vörum og tækni á sameiginlega hergagnalistanum, eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur á þeim lista, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
 - ii. fjármagn eða fjárhagsaðstoð sem tengist hermálum eða sölu, afhendingu, tilflutningi eða útflutningi á vörum og tækni á sameiginlega hergagnalistanum, eða útvegum tengdrar tækniþjónustu, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar þar í landi,
- c) kaupum, innflutningi eða tilflutningi, með beinum eða óbeinum hætti, á vörum og tækni á sameiginlega hergagnalistanum inn í Sambandið ef þær eru upprunnar í Rússlandi eða fluttar þaðan út.

2. Bönnin í 1. mgr. skulu ekki hafa áhrif á:

- a) innflutning, kaup eða flutning í tengslum við:

- i. útvegum varahluta og nauðsynlegrar þjónustu vegna viðhalds og öryggis fyrirleggjandi getu í Sambandinu eða
 - ii. framkvæmd samninga sem gerðir voru fyrir 1. ágúst 2014 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir fyrir framkvæmd slíkra samninga, eða
- b) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning, eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, vegna varahluta og nauðsynlegrar þjónustu vegna viðhalds, viðgerða og öryggis fyrirleggjandi getu í Sambandinu.

2a. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um:

- a) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, eða innflutning, kaup eða flutning á hýdrasíni (CAS 302-01-2) sem er 70% að styrk eða þar yfir, að því tilskildu að hýdrasínið sé reiknað út í samræmi við skotið eða skotin eða gervihnettina sem það er framleitt fyrir og að heildarmagnið sé ekki meira en 800 kg fyrir hvert einstakt skot eða gervihnött,
- b) innflutning, kaup eða flutning á ósamhverfu dímetýlhýdrasíni (CAS 57-14-7),
- c) sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning og innflutning, kaup eða flutning á mónómetýlhýdrasíni (CAS 60-34-4), að því tilskildu að magn mónómetýlhýdrasíns sé reiknað út í samræmi við skotið eða skotin eða gervihnettina sem það er framleitt fyrir,

að svo miklu leyti sem efnin sem um getur í a-, b- og c-lið eru ætluð til notkunar á skotbúnaði sem er starfræktur af evrópskum skotbúnaðarþjónustuaðilum, við skot á vegum evrópskra geimvísindaáætllana eða við eldsneytisáfyllingu gervihnatta af hálfu evrópskra framleiðenda gervihnatta.

2aa. Bönnin í 1. mgr. gilda ekki um sölu, afhendingu, tilflutning eða útflutning eða veitingu tengdrar fjármögnunar eða fjárhagsaðstoðar, tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu og innflutning, kaup eða flutning á hýdrasíni (CAS 302-01-2), 70% að styrk eða þar yfir, sem er ætlað til:

- a) prófana og flugs aðflugseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, í magni sem reiknað er út í samræmi við þarfir hvers áfanga þess leiðangurs en er í heild ekki meira en 5 000 kg fyrir allan tímann sem leiðangurinn varir, eða
- b) flugs flutningseiningar ExoMars-farsins innan ramma ExoMars 2020-leiðangursins, í magni sem reiknað er út í samræmi við þarfir flugsins en er í heild ekki meira en 300 kg.

2b. Aðgerðirnar sem um getur í 2. mgr. a og 2. mgr. aa skulu vera háðar fyrirframleyfi lögbærra stjórnvalda.

Þeir sem sækja um leyfi skulu afhenda lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi upplýsingar sem óskað er eftir.

Lögbær stjórnvöld skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um öll leyfi sem eru veitt.

3. Eftirfarandi skal háð leyfi frá hlutaðeigandi lögbæru yfirvaldi:

- a) sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur hluta, sem eru skráðir í II. viðauka, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þ.m.t. í sér-efnahagslögsögu þess og á landgrunni þess eða, ef slík sala, afhending, tilflutningur eða útflutningur varðar hluti til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. í sér-efnahagslögsögu þess og á landgrunni þess, til einstaklings, rekstrareiningar eða stofnunar í öðru ríki,
- b) veiting tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, sem tengist hlutum sem skráðir eru í II. viðauka og útvegum, framleiðsla, viðhald og notkun þeirra hluta, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi, þ.m.t. í sér-efnahagslögsögu þess og á landgrunni þess eða, ef slík aðstoð varðar hluti til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. í sér-efnahagslögsögu þess og á landgrunni þess, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í öðru ríki,
- c) að láta í té fjármagn eða veita fjárhagsaðstoð, sem tengist hlutum er um getur í II. viðauka, vegna sölu, afhendingar, tilflutnings eða útflutnings þessara hluta eða vegna veitingar tengdrar tækniástoðar, miðlunarþjónustu eða annarrar þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings, lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, þ.m.t. í sér-efnahagslögsögu þess og á landgrunni þess eða, ef slík aðstoð varðar hluti til notkunar í Rússlandi, þ.m.t. sér-efnahagslögsögu þess og á landgrunni þess, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í öðru ríki.

Í tilhlýðilega rökstuddum neyðartilvikum, eins og um getur í 5. mgr. 3. gr., getur veiting þjónustu, sem um getur í þessari málsgrein, farið fram án fyrirframleyfis, að því tilskildu að þjónustuveitandinn tilkynni lögbæru yfirvaldi um það innan fimm virkra daga frá því að þjónustan er veitt.

4. Ef óskað er heimildar skv. 3. mgr. þessarar greinar, 3. gr. og einkum 2. og 5. mgr. hennar, skal hún gilda að breyttu breytanda.“

9) Eftirfarandi málsgrein er bætt við 5. gr. aa:

„2f. Bannið í 1. mgr. gildir ekki með tilliti til rekstrareininga með staðfestu í Sambandinu sem koma fram fyrir hönd eða starfa eftir fyrirmælum rekstrareininga sem um getur í a- eða b-lið 1. mgr., að því tilskildu að:

- a) lögbær stjórnvöld hafi sett rekstrareininguna undir stjórn opinbers eftirlitsyfirvalds eða notað svipaða opinbera varnarráðstöfun vegna slíkrar rekstrareiningar eða
- b) lögbær stjórnvöld hafi heimild til svipaðrar varnarráðstöfunar til að tryggja áframhaldandi starfsemi þeirra og að farið sé að þvingunaraðgerðum.“

10) Í stað 2. mgr. 5. gr. ac kemur eftirfarandi:

„2. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Rússlands sem er á skrá í XLIV. viðauka.

Í XLIV. viðauka skal tilgreina lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir með staðfestu utan Rússlands sem nota sendingakerfi seðlabanka Rússlands fyrir fjármálaskilaboð (SPFS) eða sambærilega, sérhæfða sendingarþjónustu á sviði fjármála sem Seðlabanki Rússlands eða rússneska ríkið kemur á fót.“

11) Í stað 5. gr. ad kemur eftirfarandi:

„5. gr. ad

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem:

- a) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna sem raskar umtalsvert tilgangi bannanna í þessari reglugerð og í reglugerð (ESB) nr. 269/2014, eins og skráð er í A-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð,
- b) er lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna sem styður við árásarstríð Rússlands gegn Úkraínu, þ.m.t. með úrvinnslu viðskipta eða fjármögnun útflutnings fyrir verslunarviðskipti sem raska tilgangi þessarar reglugerðar, eins og skráð er í B-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð,
- c) er ekki lána- eða fjármálastofnun eða rekstrareining sem er þjónustuveitandi sýndareigna og raskar verulega tilgangi með bönnunum sem sett eru fram í 3. gr. m, 3. gr. n og 3. gr. s í þessari reglugerð, eins og skráð er í C-hluta XLV. viðauka við þessa reglugerð.

2. Bannið í 1. mgr. gildir um lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr.

3. Bannið sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti sem eru:

- a) nauðsynleg vegna útflutnings, sölu, afhendingar, tilflutnings eða flutnings á lyfjum, lækningavörum, landbúnaðarafurðum og matvælum, þ.m.t. hveiti og áburði, sem heimilt er að flytja út, selja, afhenda, færa til eða flytja til Rússlands samkvæmt þessari reglugerð,
- b) algerlega nauðsynleg til að tryggja aðgang að dóms-, stjórnsýslu- eða gerðardómsmeðferðum í aðildarríki og viðurkenningu á eða fullnustu dómsúrskurða eða úrskurða gerðardóms sem falla í aðildarríki, að því tilskildu að þau viðskipti séu í samræmi við markmið þessarar reglugerðar og reglugerð (ESB) nr. 269/2014 eða
- c) nauðsynleg í mannúðarskygni, s.s. til að veita, eða greiða fyrir því að veitt sé aðstoð, þ.m.t. sjúkragögn, matvæli, eða tilflutningur starfsmanna hjálparstofnana og tengd aðstoð eða vegna brottflutnings.“

12) Eftirfarandi lið er bætt við 3. mgr. 5. gr. ae:

„g) um viðskipti vegna kaupa, innflutnings eða tilflutnings kola sem falla undir SN-númer 2701 þegar þau eru upprunnin í þriðja landi og eru einungis sett um borð í skip í Rússlandi, fluttar þaðan eða um það, að því tilskildu að hvorki séu þessar vörur rússneskar að uppruna né eigandi þeirra rússneskur.“

13) Eftirfarandi lið er bætt við 4. mgr. 5. gr. ae:

„g) til að koma á fót kjarnorkugetu til borgaralegra nota, til reksturs hennar, viðhalds, eldsneytisafhendingar og endurmeðhöndlunar og öryggis hennar, og til að halda áfram hönnun, byggingu og gangsetningu, sem þarf til að ljúka við kjarnorkustöðvar til borgaralegra nota.“

14) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„5. gr. af

1. Lagt er bann við því að eiga í hvers konar viðskiptum, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 að því er varðar frágang, starfrækslu, viðhald eða notkun leiðslanna. Að auki skal vera bannað að eiga, beint eða óbeint, í hvers konar viðskiptum í tengslum við fjármögnun vegna frágangs, starfrækslu eða notkunar leiðslanna.
2. Bönnin sem mælt er fyrir um í 1. mgr. gilda ekki um viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til að koma án tafar í veg fyrir eða milda atburð sem líklegt má telja að hafi alvarleg og veruleg áhrif á heilbrigði og öryggi manna, sjóflutninga eða umhverfið eða til að bregðast við náttúruhamförum.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. er lögbærum stjórnvöldum heimilt að leyfa viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg:
 - a) vegna slita eða endurskipulagningar lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 þegar það er nauðsynlegt til að tryggja að jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 verði ekki notaðar,
 - b) til að krefjast bóta, endurheimtar eða annars frá einstaklingi, lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í tengslum við jarðgasleiðslur Nord Stream og Nord Stream 2,
 - c) til að framkvæma og taka við greiðslum eða endurheimtum sem hafa þegar eða munu falla í gjalddaga samkvæmt eða í tengslum við dómsúrskurði, fjármögnun, tryggingu, ábyrgðir eða aðra samninga eða samkomulag í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2 sem gengið var frá fyrir 20. júlí 2025,
 - d) vegna sáttagerðar eða dóms- eða gerðardómsmeðferðar í tengslum við jarðgasleiðslurnar Nord Stream og Nord Stream 2,
 - e) vegna reglubundinnar viðhaldsþjónustu sem er algerlega nauðsynleg til að koma í veg fyrir umhverfis- og öryggisáhættu eða neikvæð áhrif á sjávarútvegsgeirann.

Áður en lögbær stjórnvöld gefa út slíka heimild skulu þau láta framkvæmdastjórninni í té drög að henni. Framkvæmdastjórnin getur skilað álitni til lögbærra stjórnvalda, innan 30 daga frá móttöku umræddra draga, þess efnis að fyrirhuguð viðskipti myndu skaða hagsmuni Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna ráðinu um slíkt álit.

4. Rekstraraðilar skulu upplýsa lögbært stjórnvald aðildarríkisins, þar sem þeir eru skráðir eða þar sem þeir eru stofnaðir samkvæmt lögum, um öll viðskipti sem fara fram skv. 2. mgr. innan tveggja vikna frá því að gengið er frá þeim. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um allar upplýsingar sem það veitir viðtöku samkvæmt þessari málsgrein innan tveggja vikna frá viðtöku þeirra.
5. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.

5. gr. ag

1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við:
 - a) sjóð Rússlands fyrir beinar fjárfestingar (RDIF-sjóðinn),
 - b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun sem er í eigu eða undir stjórn RDIF-sjóðsins,
 - c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, þar sem rekstrareining, sem um getur í a- eða b-lið, hefur, með beinum eða óbeinum hætti, ráðist í umtalsverða fjárfestingu, sbr. skrána í XLIX. viðauka við þessa reglugerð,
 - d) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem veitir rekstrareiningu, sem um getur í a-, b- eða c-lið, fjárfestingarþjónustu eða aðra fjármálþjónustu, sbr. skrána í L. viðauka við þessa reglugerð,
 - e) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í a-, b-, c- eða d-lið.
2. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg vegna kaupa, innflutnings eða flutnings á lyfjum og lækningavörum sem heimilt er að flytja inn, kaupa og flytja samkvæmt þessari reglugerð.
3. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað fram til 31. desember 2026, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnustarfsemi.

4. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um sérhverja heimild sem veitt er skv. 2. eða 3. mgr. innan tveggja vikna frá því að hún er veitt.“

15) Ákvæðum 5. gr. h er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. kemur eftirfarandi:

„1. Lagt er bann við því að eiga, með beinum eða óbeinum hætti, viðskipti við lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem eru á skrá í XIV. viðauka, eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu í Rússlandi sem er, með beinum eða óbeinum hætti, meira en 50% í eigu rekstrareiningar sem er á skrá í XIV. viðauka.“

b) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við:

„1a. Bannið í 1. mgr. gildir ekki um viðskipti:

a) sem eru nauðsynleg vegna starfsemi sendi- og ræðisskrifstofa Sambandsins og aðildarríkjanna eða samstarfslanda í Rússlandi, þ.m.t. sendinefnda, sendiráða og fastanefnda, eða alþjóðastofnana í Rússlandi sem njóta friðhelgi að þjóðarétti,

b) af hálfu ríkisborgara aðildarríkis sem eru búsettir í Rússlandi og voru það fyrir 24. febrúar 2022.

1b. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld heimilað, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi, viðskipti sem eru algerlega nauðsynleg til þess að losa um fjárfestingar í Rússlandi eða slíta þar atvinnu-starfsemi.

1c. Þrátt fyrir 1. mgr. geta lögbær stjórnvöld aðildarríkis heimilað framkvæmd viðskipta við Bank Zenit, eins og skráð er í XIV. viðauka, með þeim skilyrðum sem þau telja viðeigandi og eftir að hafa ákvarðað að framkvæmd slíkra viðskipta sé nauðsynleg vegna:

a) greiðslna fyrir vörur sem falla undir SN-númer 3402 90,

b) efnda samninga, sem gerðir voru fyrir 1. janúar 2025, fram til 1. janúar 2028 eða þar til þeir renna úr gildi, eftir því hvort ber fyrir að.“

16) Ákvæðum 5. gr. n er breytt sem hér segir:

a) Í stað 2. mgr. b kemur eftirfarandi:

„2b. Lagt er bann við því að selja, afhenda, flytja til, flytja út eða afhenda, með beinum eða óbeinum hætti, hugbúnað til að reka fyrirtæki, hugbúnað fyrir hönnun og framleiðslu á sviði iðnaðar og hugbúnað til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka:

a) ríkisstjórn Rússlands eða

b) lögaðilum, rekstrareiningum eða stofnunum með staðfestu í Rússlandi.“

b) Eftirfarandi málsgrein er bætt við:

„10a. Bannið í 2. mgr. b gildir ekki um útvegum hugbúnaðar til ákveðinnar notkunar í banka- og fjármálageiranum, eins og skráð er í XXXIX. viðauka, sem er nauðsynlegur vegna efnda samninga, sem gerðir eru fyrir 20. júlí 2025, fram til 30. september 2025 eða fylgisamninga sem eru nauðsynlegir vegna efnda slíkra samninga.“

17) Ákvæðum 7. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar kemur eftirfarandi:

„a) ákvæðum XXVIII. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 11. mgr. 3. gr. n til að uppfæra verð fyrir hráolíu,“.

b) Eftirfarandi lið er bætt við:

„aa) ákvæðum XXVIII. viðauka í samræmi við ákvarðanir ráðsins um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ til að uppfæra verðin fyrir jarðolíuafurðir sem samþykkt eru af Verðpaksbandalaginu og“.

18) Eftirfarandi málsgreinum er bætt við 11. gr.:

„2a. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis gegn aðildarríki og gæti leitt til fullnustu krafna í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014, ef skírskotað

er til þeirra af aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a, b, c- eða d-lið 1. mgr. eða aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þessum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum.

2b. Ekki skal viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða framfylgja í aðildarríki beiðni um aðstoð meðan á rannsókn eða annarri málsmeðferð stendur, eða viðurkenna, hrinda í framkvæmd eða beita refsingu eða öðrum viðurlögum sem eru byggð á lögbanni, úrskurði, úrræði, dómi annars dómstóls en dómstóls aðildarríkis eða annarri ákvörðun dómstóls, gerðardóms eða stjórnvalds, sem tekin er í málsmeðferð annars staðar en í aðildarríkjunum á grundvelli eða sem leiðir af málsmeðferð til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis gegn aðildarríki í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014, ef skírskotað er til þeirra af aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem um getur í a, b eða c-lið þessarar greinar eða aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna þessum aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum.“

- 19) Í stað 11. gr. d kemur eftirfarandi:

„11. gr. d

Ef enginn dómstóll aðildarríkis hefur lögsögu samkvæmt öðrum ákvæðum laga Sambandsins eða laga aðildarríkis getur dómstóll aðildarríkis, í undantekningartilvikum, hlýtt á skaðabótakröfu sem er höfðuð skv. 11. gr. a, 11. gr. b eða 11. gr. e, að því tilskildu að málið hafi nægileg tengsl við aðildarríki dómstólsins sem fær málið til sín.“

- 20) Eftirfarandi greinum er bætt við:

„11. gr. e

Sérhvert aðildarríki skal, eftir atvikum, við dómsmeðferð fyrir þar til bærum dómstólum aðildarríkis, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að sækja, eða eiga rétt á að sækja, hvers kyns beinar eða óbeinar skaðabætur, þ.m.t. vegna lögfræðikostnaðar sem það aðildarríki stofnar til vegna málsmeðferðar til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis sem höfðuð er gegn aðildarríki í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014. Aðildarríkið skal, eftir atvikum, eiga rétt á að krefjast slíkra bóta frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum, sem um getur í a-, b- eða c-lið 1. mgr. 11. gr. þessarar reglugerðar, sem hófu, komu að eða tóku þátt í lausn deilumáls milli fjárfesta og ríkis eða leitast við að framfylgja úrskurði, ákvörðun eða dómi sem tengist lausn deilumáls fjárfesta og ríkis, og frá aðilum, rekstrareiningum eða stofnunum sem eiga eða stjórna einhverjum þessara aðila, rekstrareininga eða stofnana.

Sambandið skal, eftir atvikum, eiga rétt á að sækja skaðabætur vegna tjóns sem það kann að hafa orðið fyrir með sömu skilyrðum.

11. gr. f

Aðildarríkin skulu hafa uppi hver þau andmæli sem þeim standa til boða gegn viðurkenningu og fullnustu gerðardómsúrskurða, sem kveðnir eru upp þeim í óhag við málsmeðferð til lausnar deilumáli fjárfesta og ríkis í tengslum við þvingunaraðgerðir sem gripið er til samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð (ESB) nr. 269/2014.“

- 21) Ákvæðum IV. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- 22) Ákvæðum VII. viðauka er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- 23) Ákvæðum XIV. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- 24) Í stað XXIII. viðauka kemur texti í IV. viðauka við þessa reglugerð.
- 25) Ákvæðum XXIII E. viðauka er bætt við í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.
- 26) Ákvæðum XXIII F. viðauka er bætt við í samræmi við VI. viðauka við þessa reglugerð.
- 27) Ákvæðum XXVIII. viðauka er breytt í samræmi við VII. viðauka við þessa reglugerð.
- 28) Í stað XXXVII. viðauka kemur texti í VIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 29) Ákvæðum XLII. viðauka er breytt í samræmi við IX. viðauka við þessa reglugerð.
- 30) Í stað XLV. viðauka kemur texti í X. viðauka við þessa reglugerð.
- 31) Ákvæðum XLIX. viðauka er bætt við í samræmi við XI. viðauka við þessa reglugerð.
- 32) Ákvæðum L. viðauka er bætt við í samræmi við XII. viðauka við þessa reglugerð.
- 33) Ákvæðum LI. viðauka er bætt við í samræmi við XIII. viðauka við þessa reglugerð.
- 34) Í stað XXXIX. viðauka kemur texti í XIV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júlí 2025.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

M. BJERRE

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L, 2025/1495, 18.7.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2025/1495/oj>.

⁽²⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 833/2014 frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/833/oj>).

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ frá 31. júlí 2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2014/512/oj>).

⁽⁴⁾ Ákvörðun ráðsins (SSUÖ) 2022/884 frá 3. júní 2022 um breytingu á ákvörðun 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 153, 3.6.2022, bls. 128, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dec/2022/884/oj>).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) 2022/879 frá 3. júní 2022 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 833/2014 um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu (Stjtið. ESB L 153, 3.6.2022, bls. 53, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2022/879/oj>).

⁽⁶⁾ Reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2014/269/oj>).

⁽⁷⁾ Síðasta útgáfa er birt í Stjtið. ESB C, C/2025/1499, 6.3.2025, ELI: <http://data.europa.eu/eli/C/2024/1945/oj>.

VIÐAUKI

[Viðaukar eru birtir á vef Stjórnartíðinda ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2025/1494/oj>.

Listar yfir aðila, hluti, tækni eða annað viðfang þvingunaraðgerða, eru birtir á vef Stjórnartíðinda Evrópusambandsins. Síðari breytingar og uppfærslur viðaukanna öðlast sjálfkrafa gildi við birtingu á þeim vef, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna nr. 68/2023.

Vefur Stjórnartíðinda Evrópusambandsins er hér: <http://eurlex.europa.eu>.

Heildarlisti yfir aðila sem eru háðir frystingu fjármuna er hér: https://ec.europa.eu/info/business-economy-euro/banking-and-finance/international-relations/restrictive-measures-sanctions_en#list.